

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

16. fundur stjórnar 2024-2025 mánudaginn 20. janúar 2024

kl. 17.00 - 18.30 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson .

Forföll: Þóroddur Bjarnason

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Staðan í kjaramálum og næstu skref.
2. Næsti fundur.
3. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 17.00.

1. Staðan í kjaramálum og næstu skref.

Sigrún sagði frá fundi samninganefndar FPR þann 16. janúar sl. með Fjármálanefnd háskólaráðs HÍ en í henni situr rektor ásamt forsetum fræðasviða. Góðar umræður voru um stöðuna í samningamálum og vanfjármögnum háskólastigsins. Þá var rætt um starfsaðstæður prófessora innan skólans, samanburð á launum við aðrar starfsstéttir og jöfnun á tímaútreikningi fyrir kennslu innan skólans.

Samninganefnd félagsins átti fund með SNR hjá ríkissáttasemjara þann 17. janúar sl. Staðan er enn óbreytt, enginn merki um samningsvilja viðsemjanda. Það eina sem er í boði er merki markaðarins. Rætt var um tillögur að mögulegum aðgerðum og útfærslur á þeim ásamt tímasetningum.

2. Næsti fundur.

Næsti fundur samkvæmt áætlun verður föstudaginn 24. janúar kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27.

3. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.10.

Fundarritari: LP.